

Ed.

927. Frumvarp til laga

[499. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar með taldar almannatryggingar, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Með sköttum er í 1. tölulið 19. gr. átt við þá fjárhæð sem ríkið leggur á einstaklinga og félög án þess að beint framlag komi á móti frá ríkinu.

Í fjárlögum skal áætla tekjur af fjáröflunareinkasölum ríkisins og skulu skil þeirra til ríkissjóðs talin með sköttum, sbr. 1. tölulið 19. gr., en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða í ríkiseign, sbr. 2. tölulið 19. gr., enda þótt reikningar einkasalanna séu í B-hluta ríkisreiknings.

3. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Lán, sem ríkissjóður tekur til að endurlána ríkisfyrirtækjum eða öðrum aðilum, skal færa um endurlánareikning ríkissjóðs í A-hluta.

4. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi. Enn fremur skal áætla allar hreyfingar á innlendum og erlendum lánum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða svo og á lánum endurlánareiknings ríkissjóðs.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jafnhliða þessu frumvarpi leggur fjármálaráðherra fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 13/1979. Í athugasemdum með því frumvarpi kemur fram að ætlunin er að víkka skilgreiningu á A-hluta ríkissjóðs jafnframt því að framvegis verði fjárfestingar- og lánsfjár-áætlun hluti af greinargerð með fjárlagafrumvarpi.

Breytingar samkvæmt þessu frumvarpi er nauðsynlegt að gera verði þau ákvæði að lögum sem frumvarp um breytingu á lögum nr. 13/1979 gerir ráð fyrir. Í því sambandi vísast til athugasemda sem fram koma með því frumvarpi.

Fjárlög og ríkisreikningur skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þar á meðal almannatryggingar. Með ríkisfyrirtækjum er átt við ríkisaðila sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu eða hafa með höndum starfsemi sem í meginatriðum er hliðstæð við starfsemi einkaaðila.

Samkvæmt uppsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verður skilgreining á A-hluta ríkisfjármálanna nokkru víðtækari heldur en lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, segja til um. Í þessu frumvarpi er sótt heimild til þess að telja tiltekna opinbera starfsemi til A-hluta ríkissjóðs.

Í lögum um almannatryggingar ríkisins og endurlán ríkissjóðs er að finna ákvæði um að fjárreiður þessara aðila skuli færðar í B-hluta ríkissjóðs. Þá er vakin athygli á því að lánamál endurlánareiknings ríkissjóðs er ekki að finna í fjárlögum.

Í 1., 2. og 4. gr. frumvarpsins er fjallað um heimild til þess að telja ofangreinda aðila þ. e. almannatryggingar og starfsemi endurlána ríkissjóðs til A-hluta fjárlaga. Samkvæmt lögum um ríkisreikning og gerð fjárlaga er það ákvörðunaratriði ríkisreikningsnefndar hvernig skuli flokka stofnanir og fyrirtæki ríkisins í ríkisreikningi og fjárlögum, allar aðrar en þær tvær sem að ofan eru nefndar. Fáist heimild til breyttrar framsetningar verður það síðan ríkisreikningsnefndar að ákveða hvaða fyrirtæki skuli telja til A-hluta ríkissjóðs auk þeirra tveggja sem upp eru talin og hverjar til B-hluta ríkissjóðs. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framvegis verði tekjur ríkissjóðs af fjáröflunareinkasölum ríkisins taldar til skatttekna en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að 6. gr. breytist þannig að almannatryggingar verði framvegis taldar til A-hluta fjárlaga í stað B-hluta eins og verið hefur.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum segir að rekstrarhagnað fjáröflunareinkasala ríkisins skuli telja með sköttum. Lagt er til að þessu verði breytt þannig að litið verði á upphæð þá sem einkasölunum ber að skila samkvæmt fjárlagafrumvarpi sem skatthagnað eða tap fyrirtækjanna. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Fríhöfnin á Keflavíkurlflugvelli og Sölnunefnd varnarliðseigna teljast einkasölur í þessum skilningi og verða skil þessara stofnana því framvegis færð með samræmdum hætti í ríkisreikningi.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að 40. gr. laganna breytist þannig að starfsemi endurlánareiknings ríkissjóðs verði framvegis færð undir A-hluta fjárlaga og að lán þau sem ríkissjóður tekur til að endurlána öðrum aðilum séu sýnd sérstaklega á endurlánareikningi ríkissjóðs. Yfirliti yfir starfsemi endurlánareikningsins er ekki að finna í núverandi uppsetningu fjárlaga.

Um 4. gr.

Hér er kveðið mun fastar að orði um það að allar hreyfingar á innlendum og erlendum lánum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða svo og á lánum endurlánareikningsins skuli sýna í 1. gr. fjárlaga.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringar.